

**Nd.**

**509. Nefndarálit**

**[106. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1968, um verzlunaratvinnu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í 4. gr. laganna um verzlunaratvinnu, nr. 41/1968, er fjallað um þau skilyrði, sem einstaklingar skulu fullnægja til þess að öðlast verzlunarleyfi. Í 3. tl. 4. gr. segir:  
„Hefur lokið prófi úr verzlunarskóla, sem viðurkenndur er af ráðherra, eða hefur aðra menntun, sem ráðherra metur jafngilda. Enn fremur má veita þeim verzl-

unarleyfi, sem um þriggja ára skeið hefur starfað við verzlun og að þeim starfs-tíma loknum sótt sérstakt námskeið í verzlunarfræðum, sem ráðherra viðurkennir, og lokið þaðan prófi. Meðan ekki er vól á slíkum verzlunarnámskeiðum sem gert er ráð fyrir í þessum tölulið, má veita þeim verzlunarleyfi, sem starfað hefur þrjú ár við verzlun og sannar með vottorðum vinnuveitenda, að hann hafi vegna starfs-reynslu sinnar þá þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun.“

Skv. frumvarpinu, sem nefndin hefur haft til meðferðar, er gert ráð fyrir, að ráðherra geti veitt undanþágu frá skilyrðum þessa töluliðs, þegar sérstaklega stendur á að hans mati.

Í grg. með frumvarpinu segir, að í ljós hafi „komið við framkvæmd laganna, að erfitt er að veita ýmsum aðilum verzlunarleyfi, sem eðlilegt er að eigi kost á leyfi til verzlunar. Er því lagt til, að nágildandi heimild verði rýmkuð . . .“.

Minni hluti nefndarinnar getur fallið á, að undir sérstökum kringumstæðum geti reynt óhjákvæmilegt að veita heimild til undanþágu, en telur hins vegar, að sá rökstuðningur, sem fram kemur í tilvitnaðri grg., réttlæti engan veginn svo almenna og fortakslausu undanþáguheimild sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Slík undanþága verði að vera háð einhverjum lágmarksskilyrðum, öðru en því, að mat ráðherra ráði þar eitt úrslitum.

Minni hl. nefndarinnar taldi eðlilegt, að nefndin kannaði, hvort og þá hvaða skilyrði hægt væri að setja slíkum undanþágum, og mætti þá kveða nánar þar á um með reglugerð.

Meiri hluti nefndarinnar léði ekki máls á neinum slíkum breytingum, og þar sem frumvarpið óbreytt er að áliti minni hlutans óaðgengilegt, flytur minni hlutinn breytingartillögu á sérstöku þingskjali, en mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu, verði hún ekki samþykkt.

Rétt þykir að gera eftirfarandi grein fyrir breytingartillögu minni hlutans til viðbótar því, sem tekið er fram hér að framan:

Með lögum um verzlunaratvinnu, nr. 41/1968, var það haft að meginmarkmiði að setja almennar reglur um, hvaða aðilar og hvaða skilyrði yrðu að vera fyrir hendi, þegar verzlunarleyfi væri veitt. Var það í samræmi við þá almennu þróun, að settar væru einhverjar skorður við því, að aðilar eða einstaklingar gætu ráðizt í hvers konar atvinnurekstur nema að uppfylltum lágmarksskröfum. Var þó alls ekki gengið eins langt í þessum lögum og í flestum öðrum atvinnugreinum, þar sem mjög er miðað við hagsmuni eða sérreittindi viðkomandi starfsstétta.

Í 3. tölulið 4. gr. laga nr. 41/1968 er að finna grundvallarforsendu þess, að einstaklingum sé veitt verzlunarleyfi, og veitir ákvæðið verulegt svigrúm í þeim efnum. Verður að telja, að þeim aðilum, sem hyggja á verzlunarrekstur, sé ekkert að vanbúnaði að fullnægja þeim skilyrðum, sem þar eru sett. Til þess þarf ekki að breyta lögnum, heldur eingöngu að framfylgja þeim.

Ef undanþágu þarf að veita engu að síður af óhjákvæmilegum ástæðum, sýnist sjálfsgagt, að tilskildar séu einhverjar lágmarksskröfur, m. a. um þekkingu á bókhaldi, vörum og lagafyrirmælum, sem varða verzlunarrekstur, sem telja má nauðsynlega til að reka verzlun. Þá þekkingu má tryggja með námskeiðshaldi, eins og gert er ráð fyrir í lögnum að öðru leyti. Ekki kemur annað til greina en að undanþágu séu bundnar við minni háttar verzlunarrekstur.

Af þessum ástæðum er hér gerð tillaga um, að undanþáguheimild ráðherra sé veitt, að uppfylltum slíkum grundvallarforsendum, sem kveða skal nánar á um í reglugerð.

Alþingi, 5. apríl 1972.

Ellert B. Schram.